

S A M Þ Y K K T

61

8. júní

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu
frá 2. apríl 1928.

Í 2. gr. samþykktarinnar falli burtu 13. liður svohljóðandi:

Bryggjuvegur frá Þjóðveginum norðan Blöndu út að bryggju.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júlí 1937, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

62

8. júní

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. sýsluvegasamþykktarinnar orðist svo:

Þessir eru sýsluvegir Mýrasýslu:

1. Gilsbakkavegur: Frá Hellisgili fyrir sunnan Gilsbakka að Barnafossbrú.
2. Hvítársíðuvegur: Frá Kleifarvatni að Sámstöðum.
3. Þverárhliðarvegur: Frá Borgarfjarðarbraut um Spóamýri á Kleifaveg hjá Högnastöðum.
4. Kleifavegur: Frá vegamótum við Kláffossbrú um Norðtungu að Þverárhliðarvegi hjá Högnastöðum.
5. Stafholtsvegur: Frá Þverbrekkum að Stafholti.
6. Ferjubakkavegur: Frá Brennistöðum um Ferjubakka á Hvítárbraut á Steinsás.
7. Grímsstaðavegur: Frá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
8. Staðarhraunsvegur: Frá Stykkishólmsvegi sunnan við Fíflholt að Staðarhrauni.
9. Hofstaðavegur: Frá Vogalæk að Hofstöðum.
10. Einholtsgvegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Fíflholtum að Einholtum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.